



1. tbl. 2. árg. 15. jan. 2004



Úr Vinnunni

Í síðasta tölublaði Vinnunnar, er að finna áhugavert viðtal við Stefaan Hermans frá Atvinnu- og félagsmálaskrifstofu Evrópusambandsins, þar sem fjallað er um samþættingu efnahags- atvinnu- og félagsmála og það hvernig Evrópusambandið hefur nálgast þau verkefni að undanfögnu. Viðtalið, sem hægt er að nálgast á vef ASÍ, ber yfirskriftina „Allir hagnast á samþættingu“.

Í sama tölublaði Vinnunnar er að finna grein um svipað efni, út frá íslenskum aðstæðum, eftir Gylfa Arnbjörnsson, framkvæmdastjóra ASÍ. Greinin, sem jafnframt er á vef ASÍ, ber yfirskriftina „Hagræðing með samfélagslegri ábyrgð – samþætting efnahags- atvinnu- og félagsmála“.

Vinnan í heild er á vef ASÍ á pdf formi.

Ritstjóri:
Guðmundur Rúnar Árnason

Ábyrgðarmaður:
Grétar Þorsteinsson



Þjóðhagsspá ASÍ

Hafið er nýtt hagvaxtarskeið og gera má ráð fyrir því að nokkuð bjart sé framundan á næstu tveimur árum, að því er fram kemur í spá Hagdeildar Alpýðusambandsins um þróun helstu hagstærða fyrir árin 2004 og 2005. Hagvöxtur á þessu ári verður allt að 5,7% og 4,6% á því næsta, en til samanburðar er gert ráð fyrir að hagvöxtur nýliðins árs hafi verið á bilinu 2,5-3,0%.

Allt þetta tímabil, þ.e. frá 2003-2005, er gert ráð fyrir að hagvöxturinn sé drifinn áfram af einkaneyslu og fjárfestingum. Hagdeildin áætlar að skammtímavextir verði að meðaltali 6,6% á árinu. Gera megi ráð fyrir hækkun stýrivaxta þegar á fyrsta ársfjórðungi nýhafins árs og frekari hækkunum þegar líða tekur á árið, til að sporna gegn þeirri þenslu sem líklegt er að aukin einkaneysla og innflutningur á neysluvörum valdi. Gert er ráð fyrir því að skammtímavextir verði komnir í 8,2% í árslok 2004 og í 8,5% í árslok 2005.

Gengi og verðlag

Í spá Hagdeildarinnar er gert ráð fyrir því að krónan muni styrkjast nokkuð á árinu 2004, einkum vegna vaxtahækkana og gjaldeyrisinnstreymis. Gengisvísitalan verði

lægst á þriðja ársfjórðungi en krónan fari heldur að veikjast eftir það. Ástæður veikingar megi fyrst og fremst rekja til vaxandi viðskiptahalla. Gert er ráð fyrir því að krónan muni halda áfram að veikjast á árinu 2005.

Búist er við því að verðlag verði tiltölulega stöðugt framan af ári 2004 og verðbólga verði heldur minni á þessu ári en í fyrra, eða um 2%. Á þriðja ársfjórðungi er aftur á móti gert ráð fyrir því að verðbólga aukist nokkuð vegna veikingar krónunnar og vaxandi þenslu í hagkerfinu. Gert er ráð fyrir að verðbólgan verði 3,7% á næsta ári, mælt milli ársmeðaltala.

Atvinnuleysi

Búist er við því að atvinnuleysi verði áfram mikið og taki ekki að minnka fyrr en á árinu

vöxtum geri það að verkum að atvinnuleysi aukist á árinu 2004. Atvinnuleysi er mikið í dag og gert er ráð fyrir því að svo verði áfram og það taki ekki að minnka fyrr en á árinu 2005. Þá verður vinnumarkaðurinn stærrí og atvinnulausir einstaklingar því fleiri, þó hlutfallið lækki lítillega.

Fyrsta þjóðhagsspá Hagdeildarinnar

Hagdeildin sendir nú frá sér í fyrsta skipti spá um þróun helstu hagstærða. Spáin er að mestu leyti byggð á nýlegu spálíkani sem deildin hefur unnið að í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og nær til tveggja ára.

Lesi má nánar um spána og forsendur hennar í greinargerð á [vef ASÍ](#).

Spá Hagdeildar ASÍ			
	áætlun 2003	spá 2004	spá 2005
Hagvöxtur ¹	2,5%	5,7%	4,6%
Verðbólga ²	2,2%	2,0%	3,7%
Skammtímavextir ³	5,0%	6,6%	8,1%
Meðalgengi, gengisvísitala	122,3	118,8	124
Atvinnuleysi ⁴	3,5%	3,7%	3,6%

¹ Magnbreyting frá fyrra ári
² Milli ársmeðaltala, neysluverðisvísitala
³ Vextir 3ja mánaða ríkisvixla
⁴ Sem hlutfall af áætluðum mannafla

Kjarasamningar og sáttmáli um traustari réttindi launafólks með öflugum félagslegu öryggiskerfi

Í gær gengu formenn landssambanda innan Alpýðusambandsins á fund fulltrúa ríkisstjórnarinnar til að ræða sameiginlegar áherslur sambandanna í tengslum við gerð kjarasamninga og um aðkomu ríkisvaldsins að þeim. Jafnframt kynnti forysta ASÍ þörf fyrir nýjan sáttmála um þrihliða samstarf við ríkisstjórnina og Samtök atvinnulífsins. Hann eigi að fela í sér samþættingu efnahagsatvinnu- og félagsmála, þar sem höfuðáhersla verði lögð á að tengja saman hagsmuni launafólks og atvinnurekenda. Með nýjum sáttmála um þrihliða samstarf sé mögulegt að leggja grunn að traustum kjarasamningum sem tryggja stöðugleika næstu árin.

Breytingar í samfélaginu kalla á viðbrögð

Í þeim áherslum sem kynntar voru fyrir ríkisstjórninni í gær segir m.a.: „Viðtækar breytingar hafa orðið á íslensku samfélagi á undanförunum árum og enn frekari breytinga er að vænta. Breytt eignarhald fyrirtækja og ópersónulegri og fjarlægari stjórnunaraðferðir hafa í för með sér að margir stjórnendur og eigendur fyrirtækja telja sig ekki bera samfélagslegar skyldur. Búast má við enn frekari kröfum um hagræðingu og fækkun starfa og þrýstingur á að lækka launakostnað með því að færa laun nær lágmarkslaunum verður



viðvarandi. Við þetta bætist að Ísland er engan veginn í stakk búið til þess að mæta því álagi sem stækkun EES mun valda á vinnumarkaði. Verði ekki brugðist við með afgerandi hætti munu þessar breytingar veikja til muna réttarstöðu almenns launafólks og skapa óvissu og óöryggi hjá því um framfæri sitt og framtíðarmöguleika.“

Höfuðáhersla á lífeyrisréttindi

Í kröfugerð félaga og landssambanda er lögð höfuðáhersla á að stór og markviss skref verði stigin til að samræma lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði og í opinberri þjónustu. Jafnframt er mikilvægt að samræma kjör starfsfólks hjá ríkinu, sem á aðild að almennum stéttarfélagum, kjörum starfsfólks í félagum opinberra starfsmanna, en nýleg könnun staðfestir að mikill meirihluti þjóðarinnar



styður kröfu ASÍ um samræmingu lífeyrisréttinda.

(Sjá niðurstöður könnunar)

Lögð er áhersla á almenna launahækkun sem samræmist stöðugleika í atvinnu- og efnahagslífinu. Samhliða þessu er haldið áfram á þeirri braut að tryggja sérstaka hækkun lágmarkskjara til að efla afkomuvernd launafólks og sporna gegn þrýstingi á lækkun launa.

Sáttmáli um traustari réttindi

Alþýðusamband Íslands telur að við gerð þessara kjarasamninga sé mikilvægt að gera aðgerðaáætlun sem annars vegar felist í samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um að treysta réttarstöðu launafólks á ýmsum sviðum og hins vegar í mótun sameiginlegrar stefnu í málefnum útlendinga á íslenskum vinnumarkaði til að koma í veg fyrir félagsleg undirboð og rýrnun kjara.

Í lokaorðum þeirra áherslna sem voru lagðar fyrir fulltrúa ríkisstjórnarinnar segir:

„Alþýðusamband Íslands er reiðubúið til að leggja sitt af mörkum til að tryggja stöðuleika í efnahags- og atvinnumálum en kallar jafnframt eftir sátt og samstarfi við atvinnurekendur og ríkisstjórn til að tryggja að launafólk búi einnig við félagslegan stöðugleika.

Samtök launafólks eru reiðubúin til þess að axla ábyrgð á slíkri sátt. Það krefst þó vitaskuld hins sama af öðrum aðilum, ríkisstjórn og Samtökum atvinnulífsins.“

[Sjá skjalið í heild](#)

Áskrift að öllu sjónvarpsefni kostar um 180.000 á ári

Útgjöld heimila vegna afnotagjalda og áskrifta af sjónvarpsstöðvum geta verið töluverð á ári hverju. Samkvæmt úttekt verðlagseftirlits ASÍ er Ríkissjónvarpið eina sjónvarpsstöðin sem hækkaði áskriftargjöld um áramótin, þegar afnotagjöldin hækkuðu um 5% og eru nú 30.336 kr. á ári. Fjöldmargir neytendur eru jafnframt með áskrift af öðrum sjónvarpsstöðvum líka. Verðlagseftirlit ASÍ hefur gert þrjár lauslegar kannanir á þessum markaði, frá því um miðjan nóvember 2003, þegar sú fyrsta var gerð. Önnur könnun var gerð 12. desember og sú þriðja gerð þann 13. janúar 2004. Skoðað var áskriftarverð og afnotagjöld á flestum af þeim kostum sem eru í boði á sjónvarpsmarkaði hér.

Nokkrar sjónvarpsstöðvar eru gjaldfrjálssar: Skjár1, Popptíví, Omega og Aksjón.

Aðeins ein breyting varð á verði milli kannana í nóvember og desember þ.e. að áskriftarverð á Stöð3 lækkaði úr kr. 2.540 í 2.221 en í janúar var verðið aftur komið í kr. 2.540

Þegar skoðaðar eru þær breytingar á verði sem urðu frá könnuninni 12. nóvember 2003 og könnuninni 13. janúar, kemur í ljós að afnotagjaldið hjá RÚV hefur hækkað um 5% úr kr. 2.408 í 2.528. Skjár2 var lagður niður í þeirri mynd sem hann var. Önnur verð eru þau sömu.

Nokkrar algengar samsetningar

Þegar skoðað er verð á algengum samsetningum sem fólk kaupir áskrift að kemur eftirfarandi í ljós:

- RÚV og Stöð2 saman kosta kr. 7.168 á mánuði alls 86.016 kr á ári.
- RÚV og Breiðbandið (Blanda 16+) saman kosta kr. 5.123 á mánuði, alls 61.476 kr á ári.
- Stærsti pakkinn, sem er RÚV, Breiðbandið (Úrval 40+) og Stöðvar2 pakki (Stöð 2, Sýn, Bíórásin og Fjölvarp) kostar kr. 14.963 á mánuði, alls 179.556 kr. á ári.



Afnota- og áskriftargjöld sjónvarps 13. janúar 2004

RÚV	2.528 kr.
Breiðbandið Evrópa 14+	2.295 kr.
Breiðbandið Blanda 16+	2.595 kr.
Breiðbandið Úrval 40+	3.995 kr.
Stöð 2	4.640 kr.
Sýn	4.540 kr.
Bíórásin	Með Stöð2
Fjölvarp	2.240 kr.
Stöð 2 og Sýn	6.840 kr.
Stöð 2 og Bíórásin	6.240 kr.
Stöð 2 og Fjölvarp	6.140 kr.
Stöð 2, Sýn, Bíórásin og Fjölvarp*	8.440 kr.
Stöð 3	2.540 kr.
Skjár 1	ókeypis
Popptíví	ókeypis
Omega	ókeypis
Aksjón	ókeypis

* afsl. ef M12